

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Reykhólahreppi árið 1997.

### 1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Reykhólahreppi fyrir árið 1997 skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

A. Íbúðir m.v. 1 poka á viku .....	kr. 7.500
B. Sumarhús .....	kr. 3.750

### 2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Reykhólahrepps, staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðis-  
eftirlit, með síðari breytingum, til þess að gilda árið 1997.

*Umhverfisráðuneytinu, 17. desember 1996.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUR

**um Þróunarsjóð grunnskóla.**

### 1. gr.

Menntamálaráðherra veitir árlega fé úr Þróunarsjóði grunnskóla til styrktar þróunar-  
verkefnum í grunnskólum landsins. Með þróunarverkefnum er átt við nýjungar, tilraunir og  
nýbreytni í skipulagi náms, kennsluháttum, kennslu, námsgögnum, námsmati í grunnskólum  
og mati á skólasterfi.

### 2. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna ráðgjafarnefnd til tveggja ára í senn. Nefndin  
skal skipuð einum fulltrúa án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar, tveimur  
tilnefndum af samtökum kennara í grunnskólum og skal annar vera skólastjórnandi, einum  
tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands og einum af Háskólanum á Akureyri. Jafnmargir skulu  
tilnefndir til vara.

### 3. gr.

Ráðgjafarnefndin gerir tillögur til menntamálaráðherra um ráðstöfun fjármuna sjóðsins  
til þróunarverkefna í grunnskólum. Nefndin skilgreinir og lýsir nýjungum og tilraunum sem  
þykja horfa til framfara í grunnskólum, áætla umfang þeirra og tímamörk og áætla kostnað  
við að hrinda þeim í framkvæmd. Nefndin leitar álits og aðstoðar sérfræðinga ef hún telur  
þörf á.